

L Ö G

um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Aftan við I. kafla, 17. gr., laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, komi ný grein, svo hljóðandi:

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. málsl. 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegar-skattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2% af fasteignarverði lands og lóða og 1% af fasteignarverði húsa, og skal þá rikissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2%—4% af land- og lóðaverði og 1%—2% af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr rikissjóði, móti framlagi, er nemur 4%—10% af land- og lóðaverði og 2%—5% af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr rikissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

3. gr.

50

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 121 12. 17. maí des. 1945.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

51

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

17. maí

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

2. gr. laganna orðist þannig:

1. gr.

Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 43 millj. kr.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 57 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

52

um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingarfélags fyrir fiskiskip.

17. maí

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni til viðbótarstofnfé, kr. 1½ milljón, er greiðist eftir samkomulagi fjármálaráðherra og stjórnar Samábyrgðarinnar.